

Nd.

408. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 55 1928, um bann gegn dragnótaveiði i landhelgi.

Flm.: Páll Þorbjörnsson, Jónas Guðmundsson.

1. gr.

Í stað orðanna „31. ágúst“ í 1. gr. laganna komi: 15. júní.

2. gr.

8. gr. laganna fellur niður.

3. gr.

Síðari málsgrein 9. gr. laganna fellur niður.

4. gr.

Lög nr. 52 1933 og lög nr. 15 1935 eru úr gildi numin.

Greinargerð.

Fiskimenn víða um land lita svo á, að engin ástæða sé til þess að banna dragnótaveiðar í landhelgi, sízt svo mikinn tíma árs sem nú er gert. Telja þeir það alls ósannaða fullyrðingu, að dragnætur spilli fiskveiðum, og á engu meiri rökum reista en samskonar fullyrðingar fyrr á öldum um, að línur og þorskanet spilltu veiðiskap. Dragnótin er tiltölulega ódýrt veiðarfæri, einkar hentugt fyrir smærri og stærri báta og hefir reynzt fengsæl þar, sem hún hefir verið notuð. Línur og beita er nú einn allra þyngsti útgjaldaliður bátaútvegsins, og er því hin mesta nauðsyn að gera tilraunir til þess að draga úr veiðarfæra-kostnaðinum. Þá er hitt engu síður áriðandi nú, þegar ísfiskmarkaður er mjög takmarkaður, að það sé verðmesti fiskurinn, sem fluttur sé á erlendan markað, en afli dragnótaveiðiskipa er aðallega, sem kunnugt er, koli og annar verðmætur flatfiskur. Í frv. er lagt til, að veiðitíminn verði lengdur. En jafnframt er lagt til, að heimild sú, sem nú er í lögum til að takmarka dragnótaveiði eftir óskum héraðsstjórna, verði afnumin.

Ennfremur má geta þess, að álit fiskifræðinga almennt virðist vera það, að dragnótin spilli í engu öðrum veiðiskap, og þar sem hér er um að ræða einn verðmætasta afla við strendur landsins, er tími til kominn, að landsmenn fái að hagnýta sér hann eins og tók eru á.